

Reykjanesbær  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Garðabær, 20. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202402-0033  
IAS

## Efni: Aðalskipulagslýsing, Hvammur og Seljavogur í Höfnum

Vísað er í erindi frá Reykjanesbæ í gegnum skipulagsgátt, dagsett 8. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagslýsingu vegna Hvamms og Seljavogs í Höfnum.

Fyrirhugað er að breyta um 0,4 ha af landi Hvamms, sem nú er skilgreint sem opið svæði, í svæði fyrir frístundahús og breyta um 0,8 ha af landi Seljavogs 2a, sem nú er skilgreint sem opið svæði, í svæði fyrir íbúðabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Bæði svæðin, líkt og öll byggðin í Höfnum, eru á nútímahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 og ber að forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til.

Hraunið er úr Sandfellshæð og er talið að það hafi runnið fljótlega eftir að ísaldarjökklar hurfu af svæðinu. Svæðin eru í útjaðri byggðarinnar, hafa líklega verið nýtt til beitar og eru hulin jarðvegi og vel gróin og þar er ekki að sjá neinar formgerðir nútímahrauna. Verndargildið er því lágt og Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

